



Ríkisúttvarpið 25 ára

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður og greinar 1929-1964.

Askja 4-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleitt á 25 ára afmæli
vikið á 25 ára afmæli

Útvarpið hefur orðið fáum þjóðum nyt-
samlegra en okkur Íslendingum, í okkar strjálbyggða
eylandi. Þó sé ekki veri vegna annars en veðurfregn-
anna, sem oft á hverjum degi lærest með útvarpinu um
landið og umhverfi þess, þá er það ómissandi öllum,
er stundalandbánað, sjóvarútveg eða hyggja á æróa-
lög eða eiga annars eitthvað undir veðurferi. Með
útvarpinu berst og margs konar ennar þerflegur fróð-
leikur til manna, fróðleikur, sem ells mundi seint
eða ekki koma til vitundar þeirra. Svipað er um marg-
háttáða skemmtan og list, sem flutt er í útvarpinu,
t.d. er öruggt, að miklu fleiri kynnast og læra sé
meta hina söri tónlist vegna ~~þess~~ út-
varpinu ^{þess} en ells mundi.

Það er útvarpinu sé þakka, sé nú má
í einangruðustu sveitum Íslands hitta menn, er
ræða síðustu heimsviðburði af meiri þekkingu og
yfirsýn en allur fjöldinn í stórborgum hinna stærstu
þjóða gerir. Stundum þykir sumum m.a.s. nóg um fréttu-
flutninginn. "Um hvað etlar útvarpið sé tala, þegar
stríðið er báð", spurði ^{þinn} ~~þinn~~ ára gamalt barn mig
seinni hluta sumars 1950, þegar mest var sagt frá
Koreu-styrjöldinni. Útvarpið hefði eftir sem áður
frá nógu sé segja, því sé einn atburðurinn rekur
eftir annan. ~~(Skipti, þar sem þjóðirnar eru ólík
að kynnast hver annar)~~ skeður ~~(Eftir)~~ eitthvað

fréttnefnt og áhuginn fyrir fréttunum vex þegar t.d. atburður, er gerist á Nýja-Sjálandi, getur eftir nokkrer mínútur verið kominn til eyrna hvers manns á útnesjum og áföðlum Íslands.

Því meira sem berst af fréttum því vandasamara verður að velja úr og reynir þar á þekkingu, hlutleysi og smekkvísi fréttamanna, raunar ekki einungis um fréttavalið heldur og bláinn, sem á frásögninni er. Hitt er ekki útvarpsins sök eða fréttamanna, þótt meiri fréttir þyki í því, sem af-laga fer og ef óhöpp ber að höndum, en ef allt er með felldu og friðsamleg framþróun á sér stað. "Ekki er gaman að guðspjallunum, því að enginn er í þeim bardaginn", sagði kerlingin foróum og mótaf flestur fréttáflutningur enn af þeim hugsumarhætti. Því að fréttamennirnir verða að mestu að fara eftir því, sem hlustendur telja frétt-nefnt, og reynir þá á þroska alls almennings.

Það er og veigamikill hluti af starfi út-varpsins að mennta og þroska hlustendur. Slíkt er gert með beinni kennslu, með fyrirlestrum um margvísleg efni og listflutningi. Övæfengjanlegt er, að útvarpið hefur unnið gott verk í þessu, ekki aðeins með því að koma þessu efni til eyrna miklu fleiri en ella hefðu notið þess, heldur og með því að efna til margháttæðra mennta- og listastarfa, sem ella hefðu ekki verið unnin.

Ógerningur væri t.d. að ^{hafa} ~~veita~~ hér sinfoníu-hljómsveit, ef ekki kemti til stuðningur ríkis-útvarpsins og ná um tveggja ára skeið hafur það

beinlínis tekió að sér rekstur hennar og verulegan greiðsluhalla, sem sórir voru ófánlegir til að borga. Þetta ber að viðurkenna, þó að útverpið treysti sér nú ekki lengur til jafn-mikilla útgjalda í þessu skyni, útgjalda, sem suðvitað hljóta að verða til þess, að minna fé er hægt að verja í aðrar þarfir. Af þeim sökum er nú verið að leita annars leiða til að tryggja starfsemi hljómsveitarinnar og mun það mál borið undir Alþingi eftir áramótin.

Um ágefi útverpsins mætti halda áfram að tala í allt kvöld, þó að ég verði nú að láta staðar nýmið og vika nokkrum orðum að annmörkun þess, ^{því að} ~~suðvitað~~ ^{hvað það} ~~einnig~~ ^{leina summarka} ~~þess~~

Myndin, sem útverpið gefur af fjarlægum atburðum, verður yfirleitt óheil og stundum villandi. Svo er t.d. um útverpsunæður frá Alþingi. Um þær unæður gilda m.a.s. sérstök þingsküp, svo að þegar af þeirri ástæðu verður myndin af allt öðru en venjulegum fundarstörfum þingsins. Að vísu eru þau störf oftast þess eðlis að ekki hentar til útverps, og þess vegna hafa hinar sérstöku reglur verið settar. En þær eru slíkar, að allt eins getu átt við um hvers konar keppæður sem er. Hefóí sannast sagt verið hægt að koma á slíkum keppæðum flokka án þess að blanda Alþingi í það mál með þeim hætti, að vafasamt er fyrir virðingu þingsins í augum þjóðarinnar og þannig/mjúg röng mynd af þingsörfunum ^{að} skapist í huga þeirra, sem hlusta. ~~myndir~~

~~Gersanlega skortir á um bláinn og þá hugar-
ró, sem einungis fest með dvöl í sjálfu guðshási.
Slík dæmi um takmerkanir útverpsins
draga ekki úr raunverulegu gildi þess, heldur eru
einungis til ábendingar um, að menn njóta þess þá
best, er þeir átta sig í senn á kostum þess og
göllum.~~

Annæð dæmi má nefna um útverp úr
kirkjum. Auðvitað er slíkt oftast góðra gjalda
vert, en enginn skyldi ætla, að hlustendur hefðu
hið sama gagn af því sem sjálfri kirkjugöngunni,
því að gersanlega skortir á um bláinn og þá hugar-
ró, sem einungis fest með dvöl í sjálfu guðshási.

Slík dæmi um takmerkanir útverpsins
draga ekki úr raunverulegu gildi þess, heldur eru
einungis til ábendingar um, að menn njóta þess þá
best, er þeir átta sig í senn á kostum þess og
göllum.

Frumskilyrði er, að menn hafi vit og frem-
kvæmd til að velje og hefna. Sums staðar er síður,
að útvarpið er nær alltaf haft opið, svo að glymjandi
þess hvín yfir samræðum manna og truflar a.m.k. þá,
sem slíku eru óvenir. Hinir, sem glymjandann hafa
stóðugt fyrir eyrum, verða hans sennilega ekki varir.
En þá er líka hett við, að fram hjá þeim fari það,
sem þess er vert, að á sé hlustað. Hyggilegt er að
átta sig fyrirfram á því, sem maður vill hlusta á,
og hlusta þá á það með þeirri athygli, að hann hafi
gagn af, en loka alveg fyrir hitt.

Hvort sem menn hlusta mikið eða lítið er
útvarpið svo nákomni flestum Íslendingum, að menn

gagnrýna það óspart og telja sig vite, að þer megi mærgt betur fara. Ekfast ég og ekki um, að svo sé í raun og veru, því að þannig er um öll manna verk. En hér sem ella er hollt að minnst þess, að gagnrýnin ein stoðar lítt, hitt er meira virði að benda á, hvernig úr megi bæta.

Eitt árræði er það, að enginn sé, sem hyggur sig hafa eitthvað nýtilegt fram að fara, setji ljós sitt undir maliker, heldur komi ábendingum sínum eða efni til réttre aðila, sem síðan verða um að dæma. Á sama veg verða forráðamenn útvarpsins að vera sívakandi bæði um athugun þeirra ábendinga, sem þeim berast, og um leit að nothæfu efni sem e.t.v. eru hæfastir til nyttsamlegra framlaga, eru óframferðir eða vite ekki einu sinni sjálfir hvað með þeim býr.

enda er þess að saka,
að ýminn þeir.

Hvað sem um allt þetta er, þá er vízt, að enginn okkar vildi án útvarpsins vera ^{þess} til lengdar, enda fylgir því sá kostur a.m.k. í heimahúsum, að maður reður því sjálfur, hvener hann hluster og getur lokað fyrir það, þegar honum líst.

Að svo meltu þakka ég öllum þeim, sem unnið hafa að eflingu ríkisútvarpsins það aldarfjórðungsbil, sem það hefur starfað, og óska þeim og rauner okkur öllum til hamingju með þetta 25 ára afmáli.